

Umhverfisstofnun
Gunnlaug Einarsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 16. júní 2010
/--

Efni: Ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2010 - 2022 sé háð ákvæðum laga nr. 105/2006.

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar, dags. 28. maí 2010, þar sem óskað er eftir að ákvörðun Skipulagsstofnunar, um hvort Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2010-2022 falli undir ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Erindinu fylgdu drög að landsáætluninni, þar sem fram kemur að áætlunin byggji á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Áætlunin greinist í tvo meginhluta, annars vegar stöðuhluta sem greinir frá núverandi ástandi á sviði málaflokksins og hins vegar áætlunarhluta, þar sem sett eru fram bæði almenn markmið og tímasett mælanleg markmið.

Til þess að áætlun falli undir gildissvið 3. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þarf áætlun uppfylla þrjú skilyrði, í fyrsta lagi að marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem skilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, í öðru lagi að vera undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum og í þriðja lagi unnin skv. lögum eða ákvörðun ráðherra. Ljóst er að umrædd áætlun er unninn skv. lögum og undirbúin af stjórnvöldum, en hvað varðar skilyrðið um að áætlunin marki stefnu um leyfisveitingar telur Skipulagsstofnun að svo sé ekki. Áætlunin fjallar á almennan hátt um stefnumörkun er varðar meðhöndlun úrgangs, bæði almennt og fyrir einstaka úrgangsflokka, en setur ekki viðmið eða skilyrði fyrir leyfisveitingum. Aftur á móti krefst áætlunin nánari útfærslu á síðari stigum, þ.e. í svæðisáætlunum sem gefnar eru út af sveitarstjórnnum. Slíkar svæðisáætlanir geta fallið undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana komi þar fram viðmið eða skilyrði fyrir leyfisveitingum.

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2010 - 2022 falli ekki undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 106/2005.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar er kæránleg til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 22. júlí 2010.

Rut Kristinsdóttir